

Gata í landi Holts, Fellingum Múlaþingi

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til suðvestur yfir byggingarreitinn

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	4
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	5
6.	Hús og mannvirki.....	6
7.	Niðurstöður	6
8.	Heimildaskrá	8

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3118

Tilgangur úttektar:
Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir

Staðsetning:
Gata í landi Holts (L236282)

Dagsetning vettvangsferðar:
5. október 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Haft var samband við Minjastofnun Íslands vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda í landi Holts. Þar er búið að stofna nýja lóð sem hefur fengið nafnið Gata (L236282). Fyrirhugað er að fara í byggingarframkvæmdir innan hennar.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið

2. Fyrri rannsóknir

Árið 1997 vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir Fellahrepp; *Fornleifaskráning Fellahrepps*. Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands þar sem fornleifar voru þar t.d. ekki mældar upp. Árið 2021 vann Sagnabrunnur fornleifaskráningu vegna strenglagningar; *Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði á milli Hofs og Áss í Fellum, Múlaþingi*. Sú skráning er rétt utan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis en hún fjallar um Holt og sögu svæðisins meðal annars.

3. Staðhættir

Holt er nýbýli úr landi Skeggjastaða. Heimildum ber ekki saman um hvenær nýbýlið er stofnað en draga má líkur að því að rétt sé ártalið í kringum 1918 en það er árið sem nýtt íbúðarhús rís og er talað um sem gamla Holt. Nýtt íbúðarhús var reist árið 1967 austan við gamla húsið. Gamla Holt stendur autt í dag en það er utan við úttektarsvæðið en það má sjá á túnakorti Skeggjastaða frá 1919-1920. Land Holts tilheyrði áður hjáleigunni Götu sem var líka afbýli frá Skeggjastöðum en fór í eyði árið 1890. Sá bær ásamt fleiri þekktum minjum á svæðinu eru töluvert austar í landi Holts og því utan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis.

Lóðin er staðsett innan trjálundar. Hvenær gróðursetning hans hófst liggur ekki fyrir en það hefur verið fyrir miðbik síðustu aldar af loftmyndum af dæma. Þegar svæðið var tekið út voru framkvæmdir þegar hafnar. Búið var að leggja veg að lóðinni og búið að koma fyrir púkki og koma fyrir undirstöðum hússins. Lóðin er að öðru leyti mjög vel gróin en norðan við hana er tún afmarkað með lágu garðlagi og girðingu þar ofan á. Til austurs stendur gamla íbúðarhús Holts en það var reist árið 1918. Nýtt íbúðarhús Holts var reist austan við gamla húsið árið 1967. Til norðurs og vesturs meiri trjágróður.

4. Rannsókn – aðferð

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir, s.s. túnakort, örnefnaskrá, byggðasögu og fyrirbyggjandi fornleifaskráningar. Einnig ræddi hann við ábúendur og skoðaði svæðið á vettvangi.

5. Fornleifaskrá

Einn minjastaður var skráður á lóðamörkum og tvær fornleifar innan nýrrar heimreiðar.

- 3118-1 Garðlag, óþekkt.** Við norðurmörk lóðarinnar er að finna lágan garð, um 0.3m að hæð og 0.4m breiðan. Hann heldur áfram norðvestur út fyrir lóðamörkin. Búið er að girða túnblett norðan við garðinn og því eru girðingarstaurar í honum. Hann er rofinn á nokkrum stöðum. Samkvæmt upplýsingum frá ábúendum er um að ræða garð sem var reistur af fyrrum ábúanda (f. 1934) til að hlífa trjálundinum sunnan við hann. Garðurinn sé gerður úr mold. *Sé garðurinn skoðaður þar sem hann er rofinn er ekki að sjá torfeða grjót. Garðurinn er utan við túnakort Skeggjastaða frá 1919. Líklegast er ekki um fornleifar að ræða.*



Mynd 2 – Horft til austurs eftir garðlaginu að gamla íbúðarhúsinu.

- 3118-2 Heimild, óþekkt.** Á túnakorti Skeggjastaða má sjá að austan við gamla Holt hefur verið garður. Ný heimreið hefur líklega farið örlítið yfir syðsta part garðsins. *Engin ummerki sjást um garðinn á loftmyndum en þar sem framkvæmdir eru langt komnar var erfitt að leggja mat á það hvort ummerki um hann hafi verið undir sverði.*



Mynd 3 – Horft til norðurs yfir nýja heimreið.

3118-3 Heimild, leið. Á túnakorti Skeggjastaða er merktur inn vegur, hlað sem liggur bæjarstæði Skeggjastaða og vestur, sunnan við gamla Holt.

Á loftmyndum má greina vegslóða fyrir neðan gömlu Hlíð sem líklega er hluti af þessari leið.

Draga má líkur að því að slóðanum hafi verið viðhaldið næst gamla Holti þar til húsið féll úr ábúð í sjöunda áratug síðustu aldar. Framkvæmdir vegna nýrrar heimreiðar hafa farið þvert yfir slóðann.



Mynd 4 – Horft að gamla Holti en þar fyrir framan var eldri leið.


6. Hús og mannvirki

Engin hús eða mannvirki stóðu innan svæðisins samkvæmt loftmynd frá 2021. Í dag er sumarbústaður innan lóðarinnar, suðvestan við nýjan byggingarreit. Rétt er að geta þess að nálægt úttektarsvæðinu standa fleiri byggingar og þar á meðal gamla Holt en það er með skráð byggingarár 1918 og telst því friðað samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

7. Niðurstöður

Holt er nýbýli úr landi Skeggjastaða en stendur í fyrrum landi Götu sem fór í eyði 1890 en var líka byggð út úr landi Skeggjastaða. Bæjarstæði Götu stóð töluvert norðaustan við lóðin sem hér er til skoðunar. Úttektarsvæðið er þétt þakið trjágróðri.

Eitt garðlag 3118-1 fannst innan lóðarinnar sem telst þó líklega ekki til fornleifa. Samkvæmt heimildum eru tvær fornleifar innan svæðis nýrrar heimreiðar, garður (3118-2) og leið (3118-3). Þar sem framkvæmdir voru þegar hafnar er þó erfitt að leggja mat á það hvort óþekktar fornleifar hafi verið innan þess svæðis sem nú er búið að taka undir vegslóða og byggingarreit eða hvort ummerki um eldri minjar ofangreindra fornleifa hafi leynst undir sverði.



Mynd 5 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.



Mynd 6 – Horft til vesturs. Planið fyrir nýjan byggingarreit og lóðin sést til vinstri, garðlag fyrir miðju og tún til hægri.

8. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*. Búnaðar-samband Austurlands.

Arnar Logi Björnsson, Bergþóra Góa Kvaran, Hafþór Óskarsson, Laufey Jakobs-dóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Olga Árnadóttir, Rósa Þórunn Hannesdóttir og Sunna Dóra Sigurjónsdóttir. (2014). *Eyðibýli á Íslandi. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu sumarið 2014, 6. Bind*. Eyðibýli – áhugamannafé-lag.

Helgi Hallgrímsson. (1991). *Skógræktarsvæðið Arnheiðarstaðir-Drop-laugarst.-Hrafnsgærði-Skeggjastaðir. Náttúru- og söguminjar*. Örnefnastofnun Íslands.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). *Fornleifa-skráning í Fellahreppi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði. Hrafnsgærði að Rauðalæk í Fellum, Múlaþing*. Sagnabrunnur.

Skipulagsvefsjá Múlaþing.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Skeggjastaða. (1919-1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Holt (Skeggjastöðum). Skráð af Stefáni Einarssyni og Eiríki Eiríks-syni eftir Hallgrími Ólafssyni (f. 1898). Örnefnastofnun Íslands.

Myndaskrá

Mynd 1 – Úttektarsvæðið	4
Mynd 2 – Horft til austurs eftir garðlaginu að gamla íbúðarhúsinu.	5
Mynd 3 – Horft til norðurs yfir nýja heimreið.	5
Mynd 4 – Horft að gamla Holti en þar fyrir framan var eldri leið.	6
Mynd 5 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.	7
Mynd 6 – Horft til vesturs. Planið fyrir nýjan byggingarreit og lóðin sést til vinstri, garðlag fyrir miðju og tún til hægri.	7

Viðaukar

Landupplýsingar
Punktaskrá